

**Nr. 119 / 13 Skinney SF 20*****Banaslys, skipverji fellur útbyrðis***

Skipaskr. nr. 2732  
IMO 9395898  
Smíðaður: Taiwan 2009, stál  
Stærð: 242 brl. 383 bt.  
Mesta lengd: 28,89 m Skráð lengd: 26,3 m  
Breidd: 9,19 m Dýpt: 6,8 m  
Vél: Mitsubishi 523 kW, 2006  
Fjöldi skipverja: 10



Skinney©Runólfur Hauksson

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 14. febrúar 2014 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing: Samantekt:**


Þann 25. júlí 2013 var Skinney SF 20 á togveiðum um 30 sml. SV af Reykjanesi. Veður: Hægviðri, þoka (skyggni 30-50 m), ölduhæð 1 m, sjávarhiti 9,5°C og norðurfall um 0,4 hnútar.

Um kl. 06:00 söknuðu skipverjar eins úr áhöfninni en hann hafði verið að smyrja blakkir aftur á skipinu. Hafin var leit af skipverjanum og tóku alls 19 skip þátt í henni auk þess sem þyrta LHG, TF-LIF, kom á staðinn þegar þokunni létti með morgninum.

Um morguninn fundu skipverjar á Skinney SF muni sem tilheyrðu týnda skipverjanum í sjónum. Leitin að honum bar ekki árangur og var skipulagðri leit hætt kl. 15:45.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipið hafði lagt í veiðiferðina frá Hornafirði kl. 10:00 þann 21. júlí og var u.þ.b. sólarhring á siglingu á miðin og hafði veiðar með humarvörpu;
- að skipverjinn var á vakt frá kl. 00:00 til 16:00. Um kl. 02:30 hafði hann verið í brú að aðstoða við stjórnun á togspilum og farið síðan niður á millipilfar að ganga frá afla;
- að um kl. 03:00 er skráð í véladagbók að eftirlit í vél hefði átt sér stað án athugasemda og að smurt hefði verið í blakkir;



Kortið sýnir feril skipsins og staðsetningar þar sem hlutir skipverjans finnast.

- að eftirfarandi er samantekt um ferðir skipverjans sem fórst, hér eftir nefndur A, og annarra atvika:

Tími	Atburður
Um kl. 02:30	Trollið híft, A staddur á stjórnþalli
Um kl. 03:15	Lokið við að láta troll fara, A yfirgefur stjórnþall
Um kl. 03:00	A ritar í véladagbók, m.a. um smurningu í blakkir
Um kl. 03:15	A vinnur við frágang á afla á millipilfari
Um kl. 04:00	A kveðst ætla niður í vél.
Um kl. 04:15	A byrjaður að smyrja blakkir á pilfari
Um kl. 05:00	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Talið að toghlerar hafi farið saman og byrjað að hífa en því svo hætt.</li> <li>• Stýrimaður fer niður í matsal til að finna A. Honum sagt að hann væri sennilega niður í vélarúmi.</li> <li>• Skipstjóri vaknar við talsverðan titring og fer á stjórnþall.</li> <li>• Farið í vélarúm og A er ekki þar.</li> </ul>
Um kl. 06:00	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skipulögð leit að A hafin um borð.</li> <li>• Trollið híft.</li> </ul>
Kl. 06:15	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vaktstöð siglinga látin vita um stöðuna.</li> <li>• Kallað á nærliggjandi skip og báta.</li> <li>• Þyrla LHG í biðstöðu vegna þoku.</li> </ul>
Um kl. 06:30	Leit hafin í togslóð.
Um kl. 07:00	Annar inniskór A finnst um 100 faðma fyrir norðan togferil í miðri beygju. Hinn skórin fannst skömmu seinna á svipuðum slóðum.
Um kl. 08:00	Björgunarbáturinn Árni í Görðum kemur á staðinn. Átta bátar komnir á svæðið.
Um kl. 09:00	19 skip á svæðinu við skipulagða leit.
Um kl. 11:00	Þoku léttir og þyrla LHG kemur á svæðið.
Um kl. 15:45	Vaktstöð siglinga gefur út að leit skuli hætt.

- að lík skipverjans fannst þann 29. ágúst um 30 sml. SV af Reykjanesi þegar það kom í troll hjá Brynjólfi VE 3;
- að samkvæmt krufningarskýrslu var ekki hægt að upplýsa um dánarorsök skipverjans. Rannsókn leiddi í ljós að í blóði skipverjans voru 470 ng/ml af amfetamíni. Fram kemur í skýrslu lögreglu að 170 ng/ml og meira telst vera

*mikið magn samkvæmt umferðarlögum og þá megi ætla að skipverjinn hafi neytt efnisins skömmu fyrir slysið;*

- að fram kom hjá nokkrum aðilum sem tóku þátt í leitinni að bátur á svæðinu hafi ekki tekið þátt í henni og haft truflandi áhrif á leitina. Viðkomandi skipstjóri var ekki sammála þessu. Samkvæmt skýrslu Landhelgisgæslunnar var viðkomandi skipstjóri spurður hvort hann ætlaði að taka þátt í leitinni en hann hafi sagt að hann væri að fara til veiða. Var hann þá upplýstur um að leit stæði yfir og hann hafi sagst sjá skipin. Var hann upplýstur um að honum bæri að víkja fyrir leitarskipum og vera ekki fyrir þeim. Kvittaði viðmælandi fyrir það.

### ***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.

### ***Sérstakar ábendingar:***

Nefndin bendir á að notkun ólöglegra vímugjafa, sem og annarra vímagjafa, ógna alvarlega öryggi sjófarenda og skipa þeirra.